Nr. 1052 5. september 2024

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Grýtubakkahreppi.**

*Deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis við Akurbakkaveg, Grenivík.*

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps samþykkti á fundi sínum 13. maí 2024 nýtt deiliskipulag vegna uppbyggingar ferðaþjónustusvæðis við Akurbakkaveg skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið snýr að uppbyggingu ferðaþjónustusvæðis á reit 118 VÞ við Akurbakkaveg þar sem gert yrði ráð fyrir fjórum gistiskálum og þjónustubyggingum á einni hæð á 2.981 m² lóð. Aðkoman að lóðinni yrði frá Akurbakkavegi við norðurhorn lóðar. Breyting á aðalskipulagi Grýtubakkahrepps 2010-2022 var unnin samhliða.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. - 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Grýtubakkahreppi, 5. september 2024.*

**Arnar Ólafsson,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 19. september 2024